

ü



FÉLAG LANGVEIKRA BARNA

Umhyggja

Umhyggja
35 ára

„Hræoust ekkert á leiðinni
nema kannski ísbirni“

– Umhyggjugangan 2015

Undir Umhyggjuregnhlífinni með
Guðmundi Björgvini Gylfasyni
formanni Umhyggju



1. TBL. 19. ÁRG. 2015

AÐILDARFÉLÖG UMHYGGJU



EFNI BLAÐSINS

1. tbl. 19. árg. 2014

- 3 Til hamingju Umhyggja
- 4 Fréttir úr Velferðarráðuneytinu
- 5 Styrktarsjóður Umhyggju
- 5 Rögguréttir
- 6 Heimilisfang langveikra barnsins
- 7 Völundarhús eða viti?
- 8 „Fólk sem segir að eitthvað sé ekki hægt, ætti ekki að trufla þá sem eru að framkvæma það“
- 10 „Durfum að fækka gráum svæðum“
- 11 Ný lög samþykkt á aðalfundi 28. apríl 2015
- 12 „Við verðum að leggja áherslu á ábyrgð og hlutverk og hætta þessari greiningaráráttu.“
- 15 Undir Umhyggjuregnhlífinni
- 16 Umhyggjugangan 2015
- 17 Jólakort Umhyggju 2015
- 18 Umhyggja þakkar stuðninginn

AHC samtökin

Formaður: Sigurður Hólmar Jóhannesson
Símar: 898 9097 / 697 4550
Netfang: ahc@ahc.is
Vefsíða: www.ahc.is

Barnageð, félag foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga

Formaður: Margrét Ómarsdóttir
Sími: 695 5200
Netfang: barnaged@barnaged.is
Heimasíða: www.barnaged.is

Barnahópur Cigtarfélagsins

Formaður: Sunna Brá Stefánsdóttir
Sími: 552 5906
Netfang: lbb@simnet.is
Heimasíða: www.gigt.is

Breiðbros - samtök aðstandenda barna fædd með skarð í vör og góm

Formaður: Marta Rós Karlsdóttir
Sími: 564 2296
Netfang: mrk1@hi.is
Vefsíða: www.breidbros.is

CP - félagið

Formaður: Björn Valdimarsson
Sími: 8632503
netfang: cp@cp.is
Vefsíða: www.cp.is

Dropinn, styrktarfélag barna með sykursýki

Formaður: Inga Heiða Heimisdóttir
Sími: 4823436
Netfang: jonsol@simnet.is
Vefsíða: www.dropinn.is

Einstök börn - félag til stuðnings börnum með sjaldgæfa alvarlega sjúkdóma

Sími: 568 2661 GSM: 699 2661
Formaður: Guðmundur Björgvin Gylfason
Sími: 482 3031 GSM: 698 3031
Netfang: einstokborn@einstokborn.is
Vefsíða: www.einstokborn.is

Foreldradeild Blindrafélagsins

Formaður: Páll Guðbrandsson
Sími: 894 1617
Netfang: pgudbrands@gmail.com
Vefsíða: www.blindborn.is

Foreldrafélag barna með axlarklemmu

Formaður: Sigrún Jóna Sigmarsdóttir
Sími: 481 2857 GSM: 698 2857
Netfang: axlarklemma@gmail.com
Vefsíða: www.axlarklemma.is

Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra

Formaður: Björg Hafsteinsdóttir
Sími: 899 6490
Netfang: bjorgh@simnet.is
Vefsíða: www.fsfh.is

Hetjurnar - félag aðstandenda langveikra barna á Norðurlandi

Formaður: Jóhanna María Baldursdóttir
Sími: 846 8597
Netfang: hetjurnar@simnet.is
Vefsíða: www.hetjurnar.is

Lauf - Félag flogaveikra barna um flogaveiki

Formaður: Brynhildur Arthúrsdóttir
Sími: 551 4570 GSM: 864 8049
Netfang: lauf@vortex.is
Vefsíða: www.lauf.is

Lind - félag um meðfædda ónæmisgalla

Formaður: Guðlaug María Bjarnadóttir
Sími: 552 7082 GSM: 698 8806
Netfang: gmb@bhs.is
Netfang: lind@onaemisgallar.is

Neistinn - styrktarfélag hjartveikra barna

Sími: 552 5744
GSM: 899 1823
Formaður: Fríða B. Arnardóttir
Netfang: neistinn@neistinn.is
Vefsíða: www.neistinn.is

Perthes

Sími: 552 4242

Fimir fætur/klumbufætur

Sími: 552 4242

PKU félagið á Íslandi, félag um arfgenga efnaskiptagalla

Formaður: Steingrímur Ægisson
Sími: 565 8238 GSM: 897 6688
Netfang: steingrimur@samkeppni.is
Netfang: stjorn@pku.is
Vefsíða: www.pku.is

SKB - Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna

Sími: 588 7555 Fax: 588 7272
Frankvæmdarstjóri: Gréta Ingþórsdóttir
Sími (vinna): 588 7555 GSM: 772 6662
Netfang: greta@skb.is
Formaður: Rósa Guðbjartsdóttir
GSM: 664 5558
Netfang: skb@skb.is
Netfang: skb@skb.is
Vefsíða: www.skb.is

Spegillinn - Hagsmuna-, forvarnar- og fræðslusamtök um átrökunarsjúkdómana anorexiu og bulemiu nervosa

Formaður: Katrín Sif Sigurgeirsdóttir
Varaformaður: Kolbrún Marelisdóttir
Sími: 895 7892
Netfang: spegillinn@spegillinn.is
Heimasíða: www.spegillinn.is

Tourette

Formaður: Sigrún Gunnarsdóttir
Netfang: tourette@tourette.is
Vefsíða: www.tourette.is
Sími: 840 2210

Frá framkvæmdastjóra Umhyggju

Til hamingju Umhyggja

Umhyggja – félag langveikra barna fagnar nú 35 ára afmæli sínu og hef ég verið samferða féluginu í yfir tuttugu ár, fyrst sem stjórnarmaður, síðar formaður og nú framkvæmdastjóri.

Margt hefur breyst á þessum árum og mikið áunnist í réttindabaráttu langveikra barna og fjölskyldna þeirra. Í upphafi var félagið stofnað af fagfólki sem sinnti veikum börnum á sjúkrahúsum og fyrsta verkefnið var að berjast fyrir því að foreldrar fengju að vera á spítalanum hjá veikum börnum sínum allan sólarhringinn. Í dag mundi engum detta í hug annað en að það sé börnunum fyrir bestu að foreldrar geti verið með þeim. Árið 1996 varð breyting á starfsemi félagsins þegar átta foreldrafélög gengu í Umhyggju og þar með var grunnurinn lagður að þeirri regnhlíf sem Umhyggja er í dag en nú eru í félaginu 20 aðildarfélög.

Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist er mikilvægt að við höldum vöku okkar og vinnum saman að málefnum langveikra barna, öll sem eitt. Á vegum velferðarráðuneytis og félags- og húsnæðismálaráðuneytis eru nú starfandi hópar vegna málefna langveikra barna. Sá fyrrnefndi er starfshópur um þjónustu við langveik börn og sá síðari er starfshópur um umönnunargreiðslur og greiðslur til foreldra langveikra og/eða fatlaðra barna.

Umhyggja á fulltrúa í báðum hópum ásamt öðrum hagsmunasamtökum langveikra barna og fatlaðra barna, sveitarfélögum og stofnunum. Er það einlæg von okkar að þessi vinna skili okkur betur áleiðis inn í 21. öldina. Það verður því miður að segjast eins og er, að við höfum dregist töluvert aftur úr miðað við þau lönd sem við viljum miða okkur við.

Í tilefni af afmælinu héldum við málþing undir yfirskriftinni Vitar- og vöfundarhús – vegferð fjölskyldna langveikra barna um þjónustukerfið, þar sem farið var yfir eitt og annað sem brennur á okkur og foreldrum langveikra barna. Fjölmargir sóttu málþingið og vil ég þakka fyrirlesurum fyrir frábær erindi og fundargestum fyrir góðar umræður. Þingið og umræðan þar er gott veganesti fyrir okkur inn í 36 starfsárið. Fyrir ykkur sem komust ekki á málþingið höfum við lagt stóran hluta blaðsins undir þau erindi sem þar voru flutt og er áhugavert að fylgjast með þeirri umræðu sem þar er.

Fram undan hjá okkur í Umhyggju er að vinna úr þeirri stefnumótunarvinnu sem staðið hefur yfir hjá félaginu í vetur, auka tengslin við félögin og félagsmenn og halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið sl. 35 ár.

Umhyggja, félag langveikra barna á sér fjölmarga velunnara út um allt land sem með elju sinni og dugnaði hafa áorkað ótrúlega miklu. Má þar nefna hann Sigvalda Lárússon sem ákvað að ganga frá Keflavík til Hófsóss en í blaðinu er einmitt mjög gott og skemmtilegt viðtal við hann. Ekki má gleyma heiðursfólkinu í félagi Harley eigenda á Íslandi en þau hafa boðið upp á smá rúnt um Reykjavík á Menningarnótt sl. 12 ár og safnað fyrir Umhyggju. Kæru velunnarar, án ykkar værum við ekki það sem við erum. Hafið hjartans þakki fyrir.

Ragna Marinósdóttir
framkvæmdastjóri Umhyggju



Forsíðumynd: www.thinkstockphotos.com



TÍMARIT UMHYGGJU

1. tbl. 19. árg. 2015

Útgefandi: Umhyggja, félag langveikra barna.

Framkvæmdastjóri Umhyggju og ábyrgðarmaður blaðsins: Ragna K. Marinósdóttir.

Stjórn Umhyggju: Guðmundur Björgvín Gylfason formaður, Hálfán Þorsteinsson, varaformaður Guðni Hreinsson, meðstjórnandi, Hákon Hákonarson gjaldkeri, Hulda Sólún Guðmundsdóttir ritari, Sigrún Þóroddsdóttir og Guðrún Bryndis Guðmundsdóttir meðstjórnendur.

Ritnefnd: Ragna K. Marinósdóttir, Hálfán Þorsteinsson og Sigrún Þóroddsdóttir.

Ritstjóri: Steinunn Þorsteinsdóttir umhyggja@umhyggja.is.

Útlitshönnun: IB.

Auglýsingar: Markaðsmenn.

Prentun: Litlaprent.

Skrifstofa Umhyggju er að Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík; Sími 552 4242.



Fylgstu með okkur á feisbókinni og www.umhyggja.is



Fréttir af vef Velferðarráðuneytisins

www.velferðarraduneyti.is

Mælt fyrir frumvarpi sem fjallar um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri

Sjúkratryggðum verður gert kleift að sækja heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki EES-samningsins og endurgreiðsla kostnaðar vegna þess heimiluð að því marki sem sjúkratryggingar greiða fyrir sambærilega þjónustu hér á landi samkvæmt frumvarpi sem heilbrigðisráðherra mælti fyrir í vikunni.

Frumvarpið sem Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra mælti fyrir 20. október sl. felur í sér breytingu á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 og á lyfjalögum nr. 93/1994. Megintilgangur þess er að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 9. mars 2011 um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri og framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. desember 2012 um ráðstafanir til að auðvelda viðurkenningu á lyfseðlum sem gefnir eru út í öðrum aðildarríkjum.

Í frumvarpinu er kveðið á um rétt sjúkratryggðra til að velja að sækja sér heilbrigðisþjónustu til annars ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í þeim tilvikum er Sjúkratryggingum Íslands gert að endurgreiða kostnað eins og um heilbrigðisþjónustu innanlands væri að ræða, að því gefnu að greitt sé fyrir sams konar þjónustu hér á landi. Áhersla er lögð á að jafnræði ríki í meðhöndlun sjúklinga og að þjónustan sé veitt út frá þörf þeirra fyrir heilbrigðisþjónustu fremur en á grundvelli þess í hvaða ríki þeir eru tryggðir.

Endurgreiðslur á umtalsverðum kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu

28/9/2015

Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur sett reglugerð um hækkun viðmiðunarfjárhæða vegna endurgreiðslu á umtalsverðum kostnaði við læknishjálp, lyf og

þjálfun. Hækkanirnar eru til samræmis við hækkun bóta vegna félagslegrar aðstoðar og almannatrygginga.

Bætur vegna félagslegrar aðstoðar og almannatrygginga hækkuðu um 3,6% 1. janúar 2014 og um 3% 1. janúar 2015, eða samtals um 6,6%. Viðmiðunarfjárhæðir sem kveðið er á um í nýbirtri reglugerð hækka þó meira en þessu nemur því auk 6,6% hækkunar eru viðmiðunarfjárhæðir reglugerðarinnar samræmdar þeim tekjuviðmiðum sem gilda um fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg. Frádráttur vegna hvers barns er hækkaður úr 435.000 kr. í 465.000 kr. Reglugerð um framangreindar breytingar tekur gildi 1. október 2015 og gildir um kostnað sem fellur til frá þeim tíma.

- **Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 318/2013 um endurgreiðslu á umtalsverðum kostnaði við læknishjálp, lyf og þjálfun**

Reglur um endurgreiðslur vegna tannlækninga rýmkaðar

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur samþykkt breytingu á reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar nr. 451/2013 sem heimilar Sjúkratryggingum Íslands að endurgreiða kostnað vegna tiltekinna tannlækninga ungmenna allt að 23 ára að aldri í stað 18 ára áður. Þetta á við þegar um er að ræða meðferð sem af faglegum ástæðum er ekki tímabært að veita fyrir en ákveðnum þroska er náð.

Greiðsluþátttökan sem reglugerðar-breytingin tekur til nær til nauðsynlegra tannlækninga vegna alvarlegra fæðingargalla, slysa eða sjúkdóma, sem upp koma fyrir 18 ára aldur en ekki telst faglega rétt að veita fyrir en eftir þann aldur þar sem fullum vexti beina í höfuðkúpu eða kjálka er ekki náð. Sem dæmi má nefna ef tennur vantar vegna slyss, meðfæddrar

tannvöntunar eða af öðrum ástæðum þar sem unnt er að bæta tannmissinn með ísetningu tannplanta. Við þessar aðstæður getur verið æskilegt að fresta aðgerð af fyrrnefndum ástæðum. Sömuleiðis getur verið æskilegt að bíða með útdrátt endajaxla til að fá vissu fyrir því að slíkar aðgerðir séu nauðsynlegar.



Sækja þarf um greiðsluþátttöku áður en meðferð er veitt

Umrædd heimild nær að jafnaði ekki lengur en að 23 ára aldri. Sækja skal um greiðsluþátttöku til Sjúkratrygginga Íslands vegna tannlækninga sem hér um ræðir áður en meðferð er veitt.


- **Reglugerð um um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar ásamt reglugerðum til breytinga**

Tilmæli Evrópuráðsins um barnvæna félagsþjónustu

Ráðherranefnd Evrópuráðsins hefur gefið út tilmæli um réttindi barna og barnvæna félagsþjónustu. Tilmælunum fylgir leiðarvísir með hagnýtum ráðum til að bæta framkvæmd félagslegrar þjónustu þannig að tekið sé tillit til réttinda, hagsmuna og þarfa barna. Efnid er aðgengilegt á íslensku á vef velferðarráðuneytisins.

Í tilmælunum er bent á að börn eru einstaklingar með sjálfstæð réttindi sem fela meðal annars í sér rétt þeirra til verndar, samfélagsþátttöku og til að tjá sig sem jafnframt felur í sér að á þau sé hlustað og tekið tillit til þeirra. Bent er á að við framkvæmd félagsþjónustu þurfi að taka mið af fyrir-mælum sem fjalla um réttindi barna og almenn mannréttindi, svo sem barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, mannréttindasáttmálans og ýmissa samþykktu Evrópuráðsins. **U**

Styrktarsjóður Umhyggju



Á stjórnarfundum Umhyggju þann 19. maí 2015 var ákveðið að breyta nafni Styrktarsjóðs Umhyggju í Styrktarsjóð langveikra barna. Ætlunin með breytingunni er að tilgangur sjóðsins komi skýrar fram í nafni hans.

Hlutverk Styrktarsjóðs langveikra barna er að styrkja fjölskyldur sem hafa orðið fyrir fjárhagsörðugleikum vegna veikinda barna þeirra.

Styrktarsjóðurinn var stofnaður í árslok 1996 með einnar milljónar króna gjöf frá Haraldi Bökkvarssyni hf. Sjóðnum hafa borist margar góðar gjafir frá því hann var stofnaður, bæði frá fyrirtækjum og ekki síður frá einstaklingum.

Nú er sjóðurinn að safna mánaðarlegum styrktaraðilum. Hægt er að gerast Umhyggju-samur einstaklingur – UE á síðunni www.umhyggjusamir.is. Í dag eru rúmlega 7.000 styrktaraðilar með mánaðarlegt framlag. Þetta eflir sjóðinn verulega og gerir hann þannig betur í stakk búinn til að sinna hlutverki sínu. Úthlutun úr sjóðnum hófst í byrjun árs 2000.

Foreldri/forráðamaður sem hefur langveikt barn á framfæri sínu getur sótt um styrk úr styrktarsjóðnum enda eigi viðkomandi í fjárhagslegum erfiðleikum sem rekja má til

veikinda barnsins. Skilyrði er að foreldri/forráðamaður sé í foreldrafélagi sem er aðili að Umhyggju.

Í dag eru 20 foreldrafélög aðilar að Umhyggju. Ef foreldri/forráðamaður er ekki í neinu foreldrafélagi, er þó heimilt að veita styrk úr sjóðnum, enda sé foreldrið/forráðamaðurinn félagsmaður í Umhyggju og uppfylli önnur skilyrði. **U**

Á www.umhyggja.is er hægt að nálgast reglur sjóðsins.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Umhyggju eða í síma 552-4242.

Stjórn Styrktarsjóðs langveikra barna:

Formaður: Pétur J. Eiríksson.

Meðstjórnendur: Guðni Hreinsson, Jón Kristinn Snæholm, Marín Magnúsdóttir og Margrét Stefánsdóttir.

Framkvæmdastjóri: Hákon Hákonarson.



Ungfrú Ísland afhenti Umhyggju gjöf

Stelpurnar í Ungfrú Ísland tóku þátt í að safna fé til góðgerðamála og varð Umhyggja fyrir valinu. Myndin var tekin þegar þær Embla Ör, Íris Hrefna, Kristín Eva, Telma Fanney og Arna Ýr Ungfrú Ísland 2015, komu í heimsókn á skrifstofuna og færðu Röggu, framkvæmdastjóra Umhyggju, 231.000 kr. **Kærar þakkir.**

Takk Rotary, Reykjavík miðborg

Rotary, Reykjavík miðborg, afhenti í sumar Umhyggju og Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna veglegan styrk. **Kærar þakkir.**

Rögguréttir

– Hjartað sagði mér það ...

„Undanfarnar vikur hefur matreiðslubókin Rögguréttir selst í hundruðum eintaka. Hún finnst þó hvergi í bóka-búðum þar sem um er að ræða sérstakt góðgerðarverkefni til styrktar Umhyggju - félagi til stuðnings langveikra barna.“ Svona hljóðaði upphafið á frétt sem lesa mátti á mbl.is í byrjun árs 2015. Verkefnið sem vakti athygli Morgunblaðsmanna og fjölmargra annarra var hugmynd þeirra Ragnheiðar Ketilsdóttur matræðs og Auður Steinarsdóttur fjárreiðustjóra hjá Íslenskum aðalverktökum.

Rögguréttir varð metsölubók

„Okkur óraði ekki fyrir þessum viðbrögðum, hugmyndin var að selja svona 50 bækur til vinnufélaga og kannski vina og vandamanna,“ segir Auður en bókin rokseldist og á endanum höfðu þær selt um 360 bækur og safnað 730.250 krónum. Einn borgaði nefnilega seðilgjaldið

en hann fékk bókina senda til Þýskalands. Sagan á bak við verkefnið er sú að Ragnheiður, Ragga, vinnur í eldhúsinu hjá Íslenskum aðalverktökum uppi á Höfða. Á fimmtudögum er hún alltaf með eitthvað spennandi í matinn, eitthvað aðeins betra en alla hina dagana. „Maturinn hennar Röggju er ótrúlega góður og hún er með allar sérþarfir á hreinu og veit hvað við viljum fá að borða,“ segir Auður.



Ragnheiður Ketilsdóttir og Auður Steinarsdóttir.

„Það er aldrei neitt vesen með matinn og það er undantekning ef fólk kemur ekki í matinn til mín, það þarf að vera góð ástæða til að sleppa honum“ segir Ragga hlæjandi og bætir því við að hún passi vel upp að fólk komi, einu sinni hafi

hún meira að segja sent einum starfsmanni sem skilaði sér ekki í mat sms með skilaboðunum „hvar ertu?“

Þetta byrjaði þannig að stelpurnar á vinnustaðnum fóru að deila uppskriftunum og svo kom þessi hugmynd upp, fyrir þar síðustu jóli, en tíminn var knappur og verkefnið hófst ekki fyrr en nú um síðustu jóli. Þær voru strax ákveðnar í að láta ágóðann renna til góðs málefnis.

„Vinnuveitandinn okkar tók ótrúlega vel í verkefnið og styrkti allan efniskostnað við bókina. Við héldum að þetta yrðu bara nokkrar bækur en enduðum á því að prenta þrisvar til fjórum sinnum,“ segir Auður.

Uppskriftirnar komu frá Röggju en Auður sá um að koma þeim í bók, ljósrita og lesa yfir. Og þær voru ekki í vafa þegar kom að því að velja hvert ágóðinn færi, hvern þær vildu styrkja með sölunni á bókinni.

„Ég vildi styrkja umhyggju, ekkert annað kom til greina, hjartað á mér sagði að það væri það eina rétta – ég tengi sjálf við félagið. Og Auður var algjörlega sammála mér,“ segir Ragga.

Aldrei verið eins glöð að millifæra af reikningnum mínum

Í byrjun keyptu bara þeir sem þekktu matinn hennar Röggju, síðan breyttist þetta og fólk sem hafði aldrei smakkað matinn hennar Röggju fór að panta bókinna enda málefnið eitthvað sem allir tengdu við.

Salan tók mikinn kipp þegar það fréttist fyrir hverja væri verið að safna og þær höfðu ekki undan að framleiða. „Um leið og fréttin birtist í Mogganum tók salan kipp og við höfðum ekki undan. Maðurinn minn sat einn daginn í 12 klukkutíma í einu við tölvuna og tók við pöntunum,“ segir Ragga.

„Við höfðum svo gaman af þessu – og það skilaði sér í verkefnið. Ég hef aldrei verið eins glöð að millifæra af reikningnum mínum,“ segir Auður.

Þær vilja þakka öllum sem komu að þessu, vinnustaðnum sem greiddi efniskostnaðinn og tók ótrúlega vel í verkefnið, öllum sem keyptu og öllum sem hafa prufað að elda upp úr bókinni.



Heimilisfang langveika barnsins

– draumur sem er að verða að veruleika

Heimilisfang langveika barnsins í heilbrigðisþjónustu – þannig var yfirskriftin á erindi Leifs Bárðarsonar, lækni og fyrrverandi formanns Umhyggju, á málþinginu Vitar og vöfundarhús – vegferð fjölskyldna langveikra barna um þjónustukerfið. Erindið vakti mikla athygli og fundarmenn voru ánægðir með að heyra að þessi sameiginlegi draumur Umhyggju og þeirra sé að verða að veruleika.

Leifur starfaði áður sem skurðlæknir og sinnt börnum með margvíslegan vanda. Hann þekkir líka vel til Umhyggju og var formaður í félaginu til margra ára. Þá var það fjarlægur draumur stjórnar Umhyggju að langveik börn gætu eignast „Medical Home“ eins og þau eiga sitt venjulega heimili.

„Á góðu, traustu heimili þekkja allir alla og það er alltaf einhver til staðar – það er alltaf einhver heima. Ef fjölskyldu meðlimur lendir í erfiðleikum, þarfnast hvers konar hjálpar eða aðstoðar þá er hægt að fá hana. Þegar einstaklingur finnur að eitthvað vont er í uppsiglingu þarf hann ekki að byrja á að segja deili á sér heldur bara, t.d. ef hann er langveikur, „Ég held að ég sé að fá kast“ og allir á heimilinu vita hvað er í uppsiglingu og geta brugðist við,“ segir Leifur.

Durfa ekki lengur að endurtaka sjúkrasöguna

Eitt af mörgu sem langveik börn og fjölskyldur þeirra þurfa að glíma við er að vegna flókinna og oft á tíðum afar sérhæfðrar sjúkrasögu þurfa þau mjög oft að endurtaka sjúkrasögu sína þegar leita þarf aðstoðar í heilbrigðiskerfinu vegna bráðatilfella. Það getur verið erfitt í hita leiksins, tímafrekt og hætta getur verið á að nauðsynlegar upplýsingar séu ekki aðgengilegar í tæka tíð. Leifur segir að þessi umræða hafi oft komið upp hjá Umhyggju og þess vegna hafi



Leifur Bárðarson, læknir og fyrrverandi formaður Umhyggju.

verið ákveðið að fara af stað og kanna hvort ekki væri mögulegt að koma upp skráningarkerfi sem væri samtengt þeim rafrænu sjúkraskrá sem fyrir eru. „Með samtengingum fá heilbrigðisstarfsmenn aðgang að lykilupplýsingum úr sjúkraskrá sjúklinga á öðrum stofnunum. Hætt er þó við því að í tilfellum þar sem löng og flókin sjúkrasaga er til staðar geti verið erfitt og tímafrekt að afla sér nauðsynlegra upplýsinga um sjúklinginn, þar sem gögn geta verið geymd á mjög mismunandi vegu,

mismunandi eftir stofnunum. Það þarf að leita leiða til að bæta yfirsýn heilbrigðisstarfsmanna yfir langa og flókna sjúkrasögu langveikra barna þannig að hægt sé að veita þeim skjóta og faglega þjónustu – Medical Home er klárlega skref í þá áttina og við höfum miklar væntingar í þá veru,“ segir Leifur.

Miðlæg samantekt

Nú er búið að skrifa undir samning á milli Embættis landlæknis, TM Software og Umhyggju þar sem búið er að hanna slíkan hugbúnað sem Medical Home er – rafræna samantekt, aðgengilega öllum heilbrigðisstarfsmönnum hvar sem er í heilbrigðiskerfinu. „Læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður sem þekkir vel til útbýr stutta samantekt um sjúkrasögu og annað sem nauðsynlegt er að vita ef meðhöndla á viðkomandi. Samantektin er geymd miðlægt í Hekluheilbrigðisneti sem hluti af samtengdri sjúkraskrá. Þegar leitað er með viðkomandi til heilbrigðisstofnunar myndi koma upp merki í rafrænu sjúkraskrákerfi sem gæfi til kynna að til væri

„Það getur verið erfitt í hita leiksins, tímafrekt og hætta getur verið á að nauðsynlegar upplýsingar séu ekki aðgengilegar í tæka tíð.“

miðlæg samantekt um viðkomandi. Samantektina er hægt að opna á fjótlegan hátt með einum músarsmelli. Heilbrigðisstarfsmaður getur hvenær sem er breytt samantektinni og haldið verður utan um breytingasögu, hver breytti og hvenær, ásamt upplýsingum um allar uppflettingar. Ef sjúklingurinn kemur á heilbrigðisstofnun og heilbrigðisstarfsmaður opnar sjúkraskrá viðkomandi sést „viðvörðunarfáni“ sem er merki um að ofangreind samantekt sé til og þessi sami starfsmaður getur opnað hana samtundis,“ segir Leifur „sama hvort hann

er með venjulegt viðmót í SÖGU eða Heilsugátt sem er mikið notað viðmót á Landspítala.“

Heilsuvera.is

Foreldrar geta skoðað samantekt um börn sín í Veru á heilsuvera.is ásamt öðrum upplýsingum sem þar eru aðgengilegar foreldrum upp að 15 ára aldri barnsins. Foreldrar geta jafnvel skráð aukaupplýsingar sem nýst geta við meðferð barnsins, en verða þó aðskildar frá samantekt heilbrigðisstarfsmanns. Einnig

er hægt að sjá í Veru hverjir hafa flett upp miðlegu samantektinni.

Innleiðingartímabil fram undan

„Nú tekur við sex mánaða innleiðingartímabil sem er á forræði Landlæknisembættisins og er von okkar að á þeim tíma verði heimilisfang langveika barnsins í heilbrigðiskerfinu orðið að veruleika,“ segir Leifur. **U**

Nánar verður fjallað um Medical Home á www.umhyggja.is

Völundarhús eða viti?

... spurði **Elísabet Konráðsdóttir, sérfræðingur í barna- og fjölskylduhjúkrun, í fyrirlestri sínum Að rata í gegnum völundarhús Barnaspítalans, á málþinginu Vitar og völundarhús – vegferð fjölskyldna langveikra barna um þjónustukerfið.**



„Við verðum að skapa traust og sýna störfum hvort annars virðingu til þess að teymisvinnan skili árangri.“

Elísabet Konráðsdóttir, sérfræðingur í barna- og fjölskylduhjúkrun.

Barnaspítali Hringins hefur það hlutverk að vera í forystu þegar kemur að heilbrigðisþjónustu við börn og unglina á Íslandi og að veita sérhæfða og fjölbreytta þjónustu. „Hlutverk spítalans er margþætt. Fyrir utan að sinna heilbrigðisþjónustu sér hann líka um að veita heilbrigðisstéttum framhaldsmenntun, veita ráðgjöf og sinna rannsóknum,“ segir Elísabet.

Umhyggja, fagmennska, öryggi, framþróun

Talið er að lykhillinn að góðri heilbrigðisþjónustu í dag sé þverfagleg teymisvinna. „Við náum svo miklu meiri árangri og skilvirkni í þágu skjólstæðinga okkar ef fagfólk vinnur saman sem ein heild frekar en að hver sé að vinna í

sínu horni. Barnaspítalinn hefur síðustu ár lagt mikla áherslu á teymisvinnu í aðstoð við börn með langvinn veikindi og fjölskyldur þeirra, sem byggir á góðu skipulagi, öflugum upplýsingaflæði og samvinnu allra aðila. Í teymisvinnu er ekki síður mikilvægt að huga að jarðveginum sem teymisvinnunni er ætlað að vaxa í, skoða vinnuandann og menningu starfseminnar. Við verðum að skapa traust og sýna störfum hvort annars virðingu til þess að teymisvinnan skili árangri og skjólstæðingarnir upplifi sig komast í gegnum völundarhúsið,“ segir Elísabet. Elísabet hefur mikla reynslu af teymisvinnu af þessu tagi og hefur átt þátt í því að koma hugmyndafræði teymisvinnunnar að á göngudeild barna. Veturinn 2012-2013 var stofnaður vinnuhópur

sem samanstóð af einum fulltrúa úr hverju teymi á göngudeild Barnaspítalans. Farið var í að skilgreina skjólstæðingahópa, fagaðila innan teymanna og hlutverk hvers og eins. Rætt var m.a. um markmiðin með starfi teymanna, meðferðarúrræði, fræðsluefni og meðferðarupplýsingar.

Hjúkrunarfræðingar teymanna - talsmenn fjölskyldunnar

„Með tilkomu aukinnar teymisvinnu hefur þáttur hjúkrunar breyst á þann hátt að nú eru sjálfstæðar hjúkrunar meðferðir stundaðar í auknum mæli. Okkar rannsóknir hafa sýnt að foreldrar barna með langvinn og bráð veikindi sem til Barnaspítalans leita upplifa aukinn stuðning og betri aðlögun að veikindum barnsins fá þeir skipulögð fræðslu- og stuðningsviðtöl,“ segir Elísabet og bendir á að á göngudeildinni veiti hjúkrunarfræðingar í auknu mæli ráðgjöf, fræðslu og stuðning. Annað meginhlutverk þeirra er að stuðla að samhæfingu og samfellu í aðstoðinni við fjölskyldur langveikra barnanna og líta á sig sem talsmenn fjölskyldunnar bæðin innan þverfaglegu teymanna og út á við. „Þetta hefur reynst vel og nú er verið að gera meðferðarrannsókn á Barnaspítalanum og barna- og unglina-geðdeild LSH. „Við viljum skoða ávinninginn af stuðnings- og fræðsluviðtölum hjúkrunarfræðinga við foreldra barna með langvinn veikindi, hvernig fjölskyldur upplifa stuðninginn, ásamt því að skoða ánægju með heilbrigðisþjónustuna og lífsfæði,“ segir Elísabet. **U**

Afraksturinn af þróun teymisvinnunnar má sjá á heimasíðu Barnaspítalans, <http://barnaspitali.is/teymi/>



„Fólk sem segir að eitthvað sé ekki hægt, ætti ekki að trufla þá sem eru að framkvæma það“

Þessi orð Þórhildar Kristjánsdóttur ráðgjafarþroskajálfa á málþinginu Vitar og Völundarhús – vegferð fjölskyldna langveikra barna um þjónustukerfið vöktu mikla athygli – orð hafa áhrif og það gerðu þau svo sannarlega á meðal málþingsgesta og okkur hjá Umhyggjublaðinu langaði að heyra meira frá Þórhildi.

Gróska á Höfn

Vorið 1999 tóku Þórhildur og fjölskylda hennar ákvörðun um að flytja til Hornafjarðar vegna atvinnutilboðs sem eiginnamaður hennar fékk. Sveitarfélagið Hornafjörður hafði nokkru áður tekið við málefnum fatlaðra sem reynsluverkefni og þar var mikil gróska. Þórhildur fór að vinna hjá sveitarfélaginu að hluta til í þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur en einnig sem þroskajálfi á leikskóla.

„Það var ekki auðvelt að yfirgefa Svæðis- skrifstofuna sem ég var að vinna á og þann suðupott sem hún var í einstaklings-

„Það má endalaust finna hindranir en það er hins vegar ekki mikil hjálp í þeim þegar á hólminn er komið þannig að við reynum að einblína ekki á þær.“

miðaðri þjónustu en ég fór samt og reyndi að taka með mér það sem ég gat af því vinnulagi og hugmyndum. Að þessum grunni bjó ég og hef mótað mína starfs- kenningu og viðhorf. Ég færði mig um tíma í grunnskólann sem sérkennari og deildar-

stjóri stuðningsþjónustu en er núna komin til baka í þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra, auk þess sem ég starfa við barnavernd og félagsþjónustu í málum þar sem börn eru í forgrunni,“ segir Þórhildur.

Það þarf heilt þorp til að ala upp barn

Yfirskrift erindis Þórhildar var að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn. Þórhildur segir að það sé ekki bundið við stærð samfélagsins að við þurfum að



um hugarfarið og það sé viljinn til að vinna saman sem skipti máli.

Þorpið er til staðar en það eru bæði kostir og gallar þegar kemur að þjónustu í fámennum samfélögum, þjónustunni við langveik börn og fjölskyldur þeirra. Þórhildur segir kostina vera nálægðina við fjölskyldurnar, greiðan aðgang að þjónustunni, að biðlistar séu undantekning og að þar sem þeir sem þiggja þjónustuna séu færri og því verði meiri tími fyrir hvern og einn.

„Það er nauðsynlegt að einstaklingsmiða alla þjónustu, það er veigamiðri atriði. Það er ekki bara svo að við séum svo vísýn að vera alltaf að einstaklingsmiða fyrir hverja fjölskyldu, við neyðumst einfaldlega til þess því að oft eru engin fordæmi til að fara eftir. Við erum oftast að móta nýja þjónustu. Það getur síðan hjálpað okkur, t.d. þegar við þurfum að sannfæra pólitíkina um að það verði að setja pening í eitthvert verkefni,“ segir Þórhildur.

Hún segir hindranirnar líka ótal margar. „Það má endalaust finna hindranir en það er hins vegar ekki mikil hjálp í þeim þegar á hólminn er komið þannig að við reynum að einblína ekki á þær, heldur á tækifærin og kostina. Það sem skiptir máli er hvort fjölskyldan hefur ákveðið að búa á Hornafirði og er tilbúin að taka þátt í því að sníða stakkinn. Foreldrar verða stundum fyrir miklum þrýstingi

teymisvinnunnar. Markmiðið með teymisvinnunni er aukin yfirsýn og þar sitja auk foreldra barnanna allir þeir sem koma beint að þjónustunni við barnið í nærumhverfinu. Barnið sjálf situr í teyminu ef við á.

Þórhildur segir teymisstjóran vera þann sem er í mestum daglegum samskiptum við fjölskylduna en hann getur líka verið annað foreldrið. „Það er mikilvægt að uppfæra áætlanir og annað sem að barninu snýr, að allir séu meðvitaðir. Til dæmis er mikilvægt að heilsugæslan þekki barnið og aðstæður þess ef það er ekki vant að vera mikið á heilsugæslunni en kemur t.d. slasað inn á bráðavaktina. Þetta hefur líka stundum komið fyrir með börn sem eru mikið veik og eru mikið hjá sérfræðingum en „venjulega“ þjónustan heima fyrir hefur litla þekkingu á aðstæðum. Sem betur fer er þetta á undanhaldi,“ segir Þórhildur og bætir því við að fjölmörg vandamál hafi eyðst með tilkomu þjónustuteymanna.

Durfum að hugsa út fyrir rammann

Þórhildur segir það mikilvægt, hvort sem maður er í stærra eða minna samfélagi, að hugsa út fyrir rammann. „Stundum þurfum við að hugsa verulega út fyrir hefðbundinn ramma til að koma auga

bera sameiginlega ábyrgð á velferð hvers barns. Það að eiga og annast barn sem þarf mikla viðbótarþjónustu, hvort sem það er veikt eða fatlað, getur ekki verið verkefni fjölskyldunnar einnar. Þórhildur hefur ekki trú á því að það sé flóknara að koma á þjónustu í stærri samfélögum. Það sé ekkert erfiðara að sitja á félagsþjónustukontórnum í Vesturbænum og hringja í heilsugæsluna, heldur en að sitja í Ráðhúsinu á Höfn og hringja í heilsugæsluna. Samtalið er í báðum tilfellum aðeins á milli tveggja aðila. Málin eru vissulega fleiri í stærri samfélögum en þar er einnig fleira starfsfólk og sterkari þjónustueiningar.

„Kannski má segja að við séum fljótari að sameina alla aðila sem þjónustuna veita í litlu samfélögunum en það á að vera hægt að vinna sams konar vinnu í stærri samfélögunum. Sum af verkefnum okkar sameina t.d. sömu sérfræðingana því þeir eru jú oft ekki svo margir á landinu öllu,“ segir Þórhildur og bætir við að þetta snúist fyrst og fremst



„Kannski má segja að við séum fljótari að sameina alla aðila sem þjónustuna veita í litlu samfélögunum en það á að vera hægt að vinna sams konar vinnu í stærri samfélögunum.“

Þórhildur Kristjánsdóttir
ráðgjafaþroskaþjálfari.

frá umhverfinu ef þeir ákveða að búa á Hornafirði þrátt fyrir að barnið sé langveikt og þurfi sérhæfða þjónustu. Mörgum sem standa á hliðarlínunni finnst að ekki sé nóg gert en á móti getum við sagt að hjá okkur er nánast aldrei bið eftir þjónustu,“ segir Þórhildur.

Eitt af því sem Þórhildur ræddi á málþinginu og vakti mikla athygli var hugmyndin um leiðsögumann og mikilvægi

á lausnir en oftast er hægt að finna þær. Við þurfum kannski námskeið, fræðslu, hjálpartæki og ráðgjöf en þegar allir leggja saman erum við öflug. Lykilatriðið er að hafa kjark og þor til að opna dyrnar á milli þjónustuúrræða án þess að festast í því hver „á“ hvaða verkefni. Það má alltaf græja einhverja bókhaldslykla þegar kemur að því að gera upp þann hluta,“ segir Þórhildur að lokum. **U**



„Durfum að fækka gráum svæðum“

– segir Gyða Hjartardóttir félagsráðgjafi MA og sérfræðingur í málefnum félagsþjónustu sveitarfélaga.



Gyða hélt erindi á málþinginu Vitar og vöfundarhús, þar sem hún fór yfir stefnumótun og áskoranir sveitarfélaganna gagnvart langveikum börnum. Þar kom margt áhugavert fram, m.a. að Samband íslenskra sveitarfélaga tæki þátt í starfshópi á vegum velferðarráðuneytisins, sem væri að vinna í málefnum langveikra barna.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Gyða byrjaði á því að segja frá hlutverki Sambands íslenskra sveitarfélaga en sambandið er hagsmunasamtök sveitarfélaga í landinu, sem vinna að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaga en hefur ekki boðvald yfir þeim. Sambandið þjónar m.a. sveitarfélögum í ýmsum málaflokkum og kemur að stefnumótun í þeim málefnum sem eru á verksviði sveitarfélaga.

Í erindi sínu benti Gyða á að málefni langveikra barna flokkuðust almennt undir heilbrigðismál sem eru á hendi ríkisins en ekki sveitarfélagann, en þrátt fyrir það ættu fjölskyldur langveikra barna rétt á almennri félagsþjónustu eins

og aðrir íbúar sveitarfélaga, sem og þjónustu skv. lögum um málefni fatlaðs fólks ef það á við. Gráa svæðin þarna á milli eru ennþá of mörg og verkefnið framundan væri að útrýma þeim eins og mögulegt er.



Gyða Hjartardóttir félagsráðgjafi MA.

„Nú er í gangi starfshópur á vegum velferðarráðuneytisins um þjónustuna við langveik börn þar sem verið er að skoða leiðir til úrbóta.“

Starfshópur vinnur að málefnum langveikra barna

„Nú er í gangi starfshópur á vegum velferðarráðuneytisins um þjónustuna við langveik börn þar sem verið er að skoða leiðir til úrbóta,“ segir Gyða og bendir á að starfshópurinn eigi í góðum samskiptum við félag eins og Umhyggju. Sambandið á fulltrúa í þessum starfshópi og fagnar því að geta tekið þátt í því að koma þessum málum í betri farveg. Það er ekki langt síðan sveitarfélögin tóku yfir málefni fatlaðs fólks. Frá þeim tíma hefur margt áunnist í því að koma til móts við þarfir fatlaðra og langveikra barna, m.a. með svokölluðum NPA-samningum, samningum um notendastýrða persónulega aðstoð, en samkvæmt lögum er hún aðeins ætluð fötluðum en ekki langveikum, en skilin á milli langveiks barns og fatlaðs barns eru oft óljós eins og fram kom á málþinginu.

Durfum að vera lausnamiðuð

Gyða segir að með vinnu starfshópsins verði gráa svæðunum fækkað og framtíðarsýnin sé að horft verði í ríkari mæli á þarfir einstaklinga en ekki eins mikið á greiningar eins og nú er gert. Annað sem Gyða benti á og gæti gagnast fjölskyldum langveikra barna er samþætting þjónustu og nefndi hún á m.a. samþættingu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu í Reykjavík. Það hafi gefið góða raun og mikilvægt sé að halda þeirri þróun áfram.

„Það er margt hægt að gera en það sem kannski er mikilvægast af öllu er að mæta einstaklingum þar sem þeir eru staddir og að vera með lausnamiðaða nálgun þegar við mætum fólki og viljum veita því þjónustu,“ segir Gyða og bendir á að það sé m.a. eitt af stóru verkefnum sambandsins að vinna markvisst að því að fækka gráum svæðum þar sem ábyrgðarskil ríkis og sveitarfélaga eru ekki nægjanlega ljós, m.a. á sviði skóla- og velferðarmála.

„Þannig munum við tryggja skilvirkari þjónustu við alla sem þurfa á velferðarþjónustu að halda,“ segir Gyða. ☺

Við munum fylgjast með og fjalla nánar um vinnu starfshópsins á www.umhyggja.is



Ný lög samþykkt á aðalfundi 28. apríl 2015

Lög Umhyggju félags langveikra barna

I. kafli

HEITI FÉLAGS, HEIMILI OG HLUTVERK

- 1. gr.** Félagið heitir Umhyggja – félag langveikra barna. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagið er samtök foreldrahópa barna með langvinna sjúkdóma, fagfólks og einstaklinga sem gæta vilja hagsmuna langveikra barna og fjölskyldna þeirra. Félagið er ekki rekið í hagnaðar-skygni.
- 2. gr.** Hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna langveikra barna og fjölskyldna þeirra í hvívetna, m.a. með starfsemi Styrktarsjóðs Umhyggju.

3. gr. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að:

1. Efla og styrkja tengsl fagfólks og foreldra langveikra barna.
2. Stuðla að upplýsingamiðlun milli foreldrahópa langveikra barna.
3. Auka skilning stjórnvalda og almennings á vandamálum og þörfum langveikra barna og fjölskyldna þeirra.
4. Koma á fót sálfélagslegu stuðningskerfi fyrir langveik börn og fjölskyldur þeirra.
5. Halda málþing og fundi um málefni langveikra barna og fjölskyldna þeirra.
6. Efla og styrkja Styrktarsjóð Umhyggju og styðja stjórn hans og úthlutunarnefnd í hvívetna.
7. Beita hverjum þeim aðgerðum sem grípa þarf til svo félagið sinni sem best hlutverki sínu.

- 4. gr.** Félagið er aðili að NOBAB, Nordisk förening för syke barns behov. Hver félagsmaður í félaginu er jafnframt félagsmaður í NOBAB. Stjórn félagsins tilnefnir fulltrúa í stjórn NOBAB til tveggja ára í senn.

- 5. gr.** Félagið er aðili að EACH, European Association for Children in Hospital, og er hver félagsmaður í félaginu félagi í EACH. Stjórn félagsins tilnefnir fulltrúa í stjórn EACH til tveggja ára í senn.

II. kafli

AÐILAR Í FÉLAGINU

6. gr. Eftirtaldir hafa rétt til aðildar að félaginu:

1. Foreldrafélög langveikra barna. Með foreldrafélagi er átt við félag með eigin lög

sem foreldrar hafa stofnað um hóp barna með ákveðinn sjúkdóm eða sjúkdóma eða skyld vandamál.

- 2. Einstaklingar, bæði fagfólk, þ.e. heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem áhuga hafa á málefnum langveikra barna.** Nú óskar foreldrafélag eða einstaklingur eftir aðild að félaginu og nýtur viðkomandi félagsréttinda er stjórn hefur gengið úr skugga um að hann fullnægi skilyrðum til inngöngu í félagið. Foreldrafélög sem eru aðilar að félaginu eru öll jafnréttá, án tillits til stærðar.

- 7. gr.** Stjórn félagsins getur vikið félagi úr félaginu ef hann hefur ekki greitt árgjald tvö ár í röð, en hann getur borið mál sitt undir almennan félagsfund.

- 8. gr.** Reikningsár félagsins er almanaksárið. Árgjald félagsins er ákveðið á aðalfundi ár hvert. Einstaklingar greiða eitt árgjald en foreldrafélag þrjú árgjöld. Kostnaður við starfsemi félagsins skal greiddur með tekjum af árgjöldum og öðrum framlögum sem félaginu berast til reksturs.

III. kafli

AÐALFUNDUR

- 9. gr.** Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda í síðari hluta febrúarmánaðar ár hvert. Til aðalfundar skal boða með auglýsingu í blöðum eða á annan tryggilegan hátt og með viku fyrirvara hið skemmsta og er hann þá lögmaður. Afl atkvæða ræður úrslitum mála nema annars sé getið í lögum þessum.

- 10. gr.** Rétt til setu á aðalfundi eiga allir sem aðilar eru að félaginu, fulltrúar foreldrafélaga og einstaklingar. Atkvæðisrétt eiga allir aðilar að félaginu. Foreldrafélög hafa þrjú atkvæði hvert og einstaklingur eitt atkvæði hver. Einn og sami einstaklingurinn getur farið með öll atkvæði eins foreldrafélags auk þess að fara með sitt eigið atkvæði, sé hann félagsmaður í Umhyggju.

11. gr. Þessi mál skulu tekin til meðferðar á aðalfundi:

1. Stjórn félagsins gerir grein fyrir störfum félagsins
2. Stjórn leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning skoðunarmanna reikninga.

5. Ákvörðun árgjalds.

6. Lagabreytingar, ef einhverjar eru.

7. Önnur mál.

- 12. gr.** Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi þess. Lagabreytingar, ef einhverjar eru, skulu sendar út með fundarboði aðalfundar. Tillögur um lagabreytingar skulu sendar stjórn a.m.k. mánuði fyrir aðalfund. Nái tillaga til lagabreytinga samþykki aukins meirihluta fundarmanna fær hún gildi.

IV. kafli

STJÓRN FÉLAGSINS

- 13. gr.** Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum. Við það skal miðað að í stjórn sitji þrjú foreldrar langveikra, þrjú fagaðilar og einn sem telst til áhugamanna um málefni langveikra barna. Kjörtímabil hvers stjórnarmanns skal vera tvö ár. Enginn stjórnarmaður skal sitja lengur en átta ár í stjórn félagsins. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund.

- 14. gr.** Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins með þeim takmörkunum er lög þessi setja. Hún tekur nánari ákvarðanir um starfsemi félagsins og ber ábyrgð á fjárreiðum þess. Hún skuldbindur félagið gagnvart öðrum aðilum og er undirskrift formanns og gjaldkera nægileg til þess.

- 15. gr.** Stjórnarfundur skal boða með tryggilegum hætti og að jafnaði með viku fyrirvara, ef unnt er. Stjórnarfundur skal halda eins oft og formaður telur nauðsynlegt en þó ekki sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Enn fremur skal halda stjórnarfundur ef a.m.k. fjórir stjórnarmenn óska þess.

- Stjórnarfundur er ályktunarfær ef fjórir stjórnarmenn sækja fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Nú eru atkvæði jöfn og ræður þá atkvæði formanns (varaformanns) úrslitum.

- Formaður stjórnar fundum og varaformaður í forföllum hans.

- Gerðir stjórnarinnar skulu bókfærðar.

- 16. gr.** Nú kemur fram tillaga um það að félaginu skuli slitið og skal hún þá sæta sömu meðferð sem tillaga til lagabreytinga, sbr. 12. gr. Ef samþykkt verður að slita félaginu skulu eignir þess renna til barnadeilda sjúkrahúsanna í landinu.



Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi Umhyggju 28. apríl 2015.



Takk, þið sem hlupuð til góðs

Okkur hjá Umhyggju langar til að senda öllum þeim sem hlupu til styrktar Umhyggju og styrktarsjóði langveikra barna í Reykjavíkumaráðuneytinu kærlega fyrir stuðninginn – hann er okkur ómetanlegur. Fjölmargir lögðu bæði Umhyggju og einstökum aðildarfélögum Umhyggju lið. Þessi flotti strákur, Hersteinn Skúli Gunnarsson, var búinn að skrá sig í 10 km og safna áheimum þegar hann tagnaði illa rétt fyrir hlaup. Hann lét það ekki stoppa sig og fór sína 10 km á hækjum. Takk Hersteinn Skúli, þú ert ótrúlega flott fyrirmynd.

Hlaupið frá Kópavogi til Blönduóss

Iðkendur og þjálfarar hjá Spórtu heilsurækt og Training for Warriors Reykjavík (TFW-Reykjavík) hlupu í vor frá Kópavogi til Blönduóss og söfnuðu um leið áheimum fyrir Umhyggju. Frábært framtak hjá þessu flotta íþróttafólki. Hlaupið gekk mjög vel og var hópurinn duglegur að leyfa okkur hinum að fylgjast með sér á samfélagsmiðlum. Hægt er að sjá myndir og myndbönd á feisbókarsíðu Spórtu heilsuræktar. Kærar þakkar.

Tónleikar á skrifstofu skólameistara

Framhaldsskólinn á Laugum var með opið hús á sumardaginn fyrsta þar sem m.a. skólahljómsveitin hélt tvennu styrktartónleika á skrifstofu skólameistara. Aðgangseyrir var 1000 kr. og rann hann óskiptur til Styrktarsjóðs Umhyggju. Takk fyrir okkur.

„Við verðum að leggja áherslu á ábyrgð og hlutverk og hætta þessari greiningaráráttu“

– segir Halldóra Inga Ingileifsdóttir, fulltrúi Umhyggju í stjórn Sjónarhóls og móðir langveikrar og fatlaðrar stúlku.



Halldóra vakti athygli á ráðstefnunni Vitar og völunderhús fyrir að tala um hlutina eins og þeir eru hjá fjölskyldum langveikra barna. Í fyrirlestri sínum á málþinginu ræddi hún um hvernig kerfið virkar og virkar ekki og ekki síst hvað það er sem þarf að bæta.

Það er ekki sjálfgefið að eignast heilbriggt barn

Halldóra Inga og Einar Sigurjónsson, sambýlismaðurinn hennar, eignuðust sitt fyrsta barn af þremur árið 2009, stúlku-barn sem fæddist aðeins fyrir tímann. Hún fékk nafnið Kristín Inga og framtíð litlu fjölskyldunnar var björt. „Einn daginn þegar hún var fimm mánaða fékk hún fyrsta flogakastið og við fórum á 90 mínútum frá því að eiga heilbrigða stúlku, yfir í að eiga langveikt og fatlað barn,“ segir Halldóra en Kristín Inga var ári síðar greind, fyrst allra á Íslandi, með Dravet heilkenni sem er meðfæddur, lífshættulegur og ólæknandi tauga-sjúkdómur.

Mörg vígi sem þarf að komast fram hjá

Það er foreldrum og fjölskyldum áfall þegar barn greinist með langvinnan og jafnvel lífshættulegan sjúkdóm og það er misjafnt eftir sjúkdómum hvernig staðið er að stuðningi og upplýsingagjöf til fjölskyldna. „Almennt er staðið vel að stuðningi við fjölskyldur barna með algenga og þekkta sjúkdóma, sér í lagi þegar að þeim standa rótgróin fjársterk félög sem koma mögulega að ferlinu með beinum hætti. Önnur börn, t.d. börn án greininga eða börn með sjaldgæfa sjúkdóma sem engin reynsla er af í kerfinu, verða ósjaldan út undan

þar sem kerfið er svo greiningamiðað,“ segir Halldóra Inga og bendir á að fjölskyldur þessara barna verði oftast en ekki að sanna þarfir barna sinna til að fá skilgreinda þjónustu.

„Það er efast um það sem maður segir, manni er ekki trúað og það eru mörg vígi sem maður þarf að kljást við. Þar sem við komum inn með nýjan sérkennilegan sjúkdóm sem engin reynsla var af í kerfinu höfum við ítrekað þurft að berjast fyrir þjónustu, sanna að Kristín Inga hafi virkilega hinar og þessar þarfir og hvað hún geti eða geti ekki,“ segir Halldóra og á ráðstefnunni tóku margir foreldrar undir það að þeim væri ekki trúað.

